

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

19. fundur, haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 24. apríl 2018, kl. 17:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir, Hulda Árnadóttir, Sólveig Jónsdóttir, Fanney Magnúsdóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Þór Ólafsson, Þóra Margrét Hjaltested og Bergþóra Ingvarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hulda Árnadóttir

1. Þingundirbúningur – til upplýsingar

Drög að dagskrá fimleikabings 2018 er lögð fram til upplýsingar og gerð grein fyrir einstökum liðum.

Framkvæmdastjóri leggur fram yfirlit yfir þá verkþætti sem vinna þarf fyrir þingið og tímasetningu einstakra verkþátta og fer yfir hvern þátt fyrir sig.

Ákveðið er að næsti stjórnarfundur verði vinnufundur stjórnar til undirbúnings á þinginu.

2. Mótadagskrá 2018-2019 – drög til upplýsingar og umræðu

Fyrstu drög að mótadagskrá 2018-2019 eru lögð fram til upplýsingar og umræðu.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir þeim breytingum sem fyrirhugað er að gera.

Framkvæmdastjóri leggur til að í ljósi reynslunnar verði horfið frá þátttöku í RIG á næsta ári. Sú tillaga er samþykkt og framkvæmdastjóra falið að stíga viðeigandi skref.

3. Íslandsmót 2019 – til umræðu

Mótastjóri gerir grein fyrir því að upp hafi komið sú hugmynd að nýta betur þá umgjörð sem tekist hefur að skapa í kringum Íslandsmót í Laugardalshöll undanfarin tvö ár. Fram kemur að mikil vinna hafi verið lögð í viðburðinn fyrir tvo nokkuð stutta mótshluta og vel mögulegt að nýta helgina betur. Hugmyndin sé því sú að sameina Íslandsmót og Íslandsmót í þrepum og gera að einu stóru móti.

Gerð er frekari grein fyrir hugmyndinni og því hvaða skref þarf að stíga til að slíkt geti orðið að veruleika.

Hugmyndin mælist vel fyrir og er mótastjóra falið að skoða hana betur með viðeigandi fagfólki.





4. EuroGym 2018 – til upplýsingar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðunni að því er EuroGym 2018 varðar. Fram kemur að samtals hafi 164 iðkendur frá sjö félögum skráð sig til leiks. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir því að í ljósi fjölda þurfi að bæta við einum fararstjóra. Lagt er til að Jarprúður Hanna taki það verkefni að sér.

Þá gerir framkvæmdastjóri grein fyrir því að senda þurfi hóp á vegum FSÍ á EuroGym 2018 til undirbúnings á EuroGym 2020. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir því hvernig haganlegast er að sá hópur verði skipaður.

Framkvæmdastjóri gerir enn fremur grein fyrir því að á EuroGym 2018 þurfi að senda sérstakan hóp til að annast markaðssetningu á EuroGym 2020 á meðan á viðburðinum stendur.

Loks kemur fram að nauðsynlegt kunni að vera að ráða sérstakan starfsmann með sérþekkingu á verkefna- eða viðburðastjórnun til að stýra verkefninu/viðburðinum EuroGym 2020.

5. Afmæli FSÍ – til samþykktar

Lögð er fram tillaga um að á afmæli FSÍ 17. maí n.k. verði efnt til fimleikaveislu um allt land. Ráðgert er að FSÍ sendi köku í öll starfandi fimleikafélög, ásamt dagskrá og texta sem þau verði beðin um að lesa upp. Frá kl. 16.00 – 16.15 verði sama lag spilað hjá öllum félögum og allir beðnir um að taka þátt í að setja Íslandsmet í að standa á höndum. Þegar metinu hefur verið náð er svo ætlunin að félögin bjóði upp á köku sem er merkt FSÍ og afmælinu. Þá er ráðgert að stjórn FSÍ bjóði til kökuboðs í Höllinni kl. 17:00 fyrir boðsgesti. Framkvæmdastjóri gerir nánari grein fyrir hugmyndinni og upplýsir að nánari útfærslu sé að vænta á næstunni.

Tillagan er samþykkt.

6. Persónuvernd – breytingar – til umræðu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir því að ný löggjöf um persónuvernd muni líta dagsins ljós á næstunni sem stórauki þær kröfur sem gerðar eru vegna vinnslu persónuupplýsinga.

Ákveðið að skoða nánar hvort FSÍ þurfi að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir af því tilefni.

7. Önnur málefni – til upplýsingar og umræðu

- Skýrsla fararstjóra vegna Berlin Cup – til upplýsingar
- Skýrsla fararstjóra vegna NMJ 2018 – til upplýsingar
- Verklagsreglur á mótsstað – til samþykktar og útsendingar á félög
 - o Reglurnar eru samþykktar.



Fundi slitið kl. 18:15

20. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 8. maí 2018, kl. 17:00

